

dómi frá 11. des. 1937 500 kr. sekt fyrir ítrekaða áfengissölu, og álizt refsingin hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt í menningarsjóð, til vara, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærð 50 daga varðhaldi. Auk þess sæti kærð 3 mánaða fangelsi. Sökunautur greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 20 kr. til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings.

Að því er snertir áfengi það, er fannst heima hjá kærðri, þá eru kaup hennar á því að vísu ólögleg, en upptaka þess er þó ekki heimil að lögum, og ber því að sýkna hana af þessari kröfu í stefnunni.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærð, Ásta Júlíusdóttir, sæti 3 mánaða fangelsi og 1000 kr. sekt í menningarsjóð, en ef sektin verður ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald.

Svo greiði og dæmd allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 20 kr. málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings Siglufirði, en sé sýkn af frekari kröfum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1941.

Nr. 19/1941. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Kristján Guðlaugsson)

gegn

Guðbirni Ólafssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Sigurði bæjarfógeta Eggerz.

Aðfaranótt þess 3. júní 1940 ók ákærði bifreiðinni A. 155, sem er vörubifreið með farþegabyrgi, áleiðis frá Saurbæ í Eyjafirði til Akureyrar. Telur ákærði, að 15 menn hafi verið í bifreiðinni, og þar af 5 á vörupalli. Þegar bifreiðin var að komast yfir Skjöldalsárbrú, ók ákærði út af veginum, og valt bifreiðin á hliðina. Hrutu nokkrir farþeganna út úr

bifreiðinni, og hlutu sumir þeirra nokkur meiðsl, en þau ekki veruleg, að því er séð verður. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi ekið of hart og að hann muni hafa verið með áhrifum áfengis.

Með því að brot ákærða var framið, meðan hegningarlög frá 25. júní 1869 voru enn í gildi, meiðsl farþeganna svara alls ekki til þeirra lemsra, sem greinir í 206. gr. þeirra laga, og heimildarlaust var því að refsa honum eftir 209. gr. þeirra, þá verður honum ekki heldur refsað eftir 219. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar.

Brot ákærða varðar við 5. og 6. gr. laga nr. 70/1931 og 21. gr. laga nr. 33/1935, en dæma ber hann einnig eftir hinum síðartöldu lögum, þótt héraðsdómarinn hafi ekki tilkynnt honum málshöfðun eftir þeim, með því að hann gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök. Refsing ákærða þykir samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935 hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist með 18 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að svipta hann ökuleyfi eitt ár frá 4. júní 1940 að telja.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 130 krónur til hvors.

Það athugast, að atvikalýsing í héraðsdóminum er óglögg og að ekki hefur verið aflað læknisvottorða um áverka farþega, þótt ákærði hafi verið dæmdur til refsingar eftir hegningarlögunum vegna þeirra.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðbjörn Ólafsson, greiði 300 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald í 18 dag í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Ákærði skal sviptur ökuleyfi eitt ár frá 4. júní 1940 að telja.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 130 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 9. nóv. 1940.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar með stefnu dags. 23. ág. síðastl. gegn bifreiðarstjóra Guðbirni Ólafssyni, Hvassafelli í Saurbæjarhreppi, fyrir brot á 23. kafla hegningarlaganna, manndráp og líkamsmeiðingar, með hliðsjón af eldri hegningarlögum frá 1869, sbr. 2. gr. núgildandi hegningarlaga, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða.

Atvik málsins eru þessi:

Mánudaginn 3. júní síðastl. kl. 2 e. h. komst lögreglan á snoðir um, að bifreiðarslys hefði orðið nóttina áður á veginum framan úr Eyjafirði skammt frá Grund. Var þá hringt á sjúkrahúsið, og lágu þar 2 menn, sem slasast höfðu í þessu bifreiðarslysi, en fleiri menn höfðu meiðzt, eins og síðar verður vikið að.

Hafðist nú upp á bifreiðarstjóranum, ákærða í þessu máli. Var hann sendur til héraðslæknis, er tók blóðprufu af honum.

Lögreglan fór á vettvang kl. 5 e. h. þennan dag. Upplýstist þá, að á Grund lá einn maður slasaður og á öðrum bæ var maður nokkuð meiddur. Lögreglan tók afstöðuteikning af staðnum. Rétt þykir að taka nú fram, að málið var tekið til dóms 30. ág. síðastl., en talsmaður ákærða lagði fram í aukaréttinum réttarskj. nr. 6, vottorð frá bifreiðarstjóra um, að vegurinn á þessum stað væri mjög varasamur og hefði þarfnast aðgerðar. Sagði bilstjórinn, að dæld hefði verið í veginum. Málið var nú aftur tekið upp til rannsóknar. En ekki þýddi að fara á staðinn, þar sem aðgerð hafði farið fram á veginum.

Hins vegar var bilstjóri sá, sem hafði gefið vottorðið á réttarskj. 6, yfirheyrður, og sagði hann, að dæld þessi hefði ekki verið djúp, en hefði getað orðið til þess, ef hart hefði verið keyrt, að billinn hefði slingrað, og gæti þessi dæld verið ein af fleiri orsökum til þess, að billinn valt.

Vitninu var sýnd afstöðuteikningin, og gerði það enga athugasemd við hana. Tveir bilstjórar aðrir, kunnugir staðhátum, hafa

verið yfirheyrðir um þetta sama atriði. Segir annar þeirra, að hliðarhalli hafi verið norðan við brúna og myndast nokkur dæld, þó ekki hafi verið mikil, en hinn bílstjórinn kannast við hliðarhallann, en ekki við það, að dæld hafi myndast. Báðum bílstjórunum var sýnd afstöðuteikningin, og höfðu þeir ekkert við hana að athuga.

Ákærði ekur mjólkurbílnum A. 155, sem er eign Júlíusar Ingimundarsonar, frá Hvassafelli til Akureyrar, og eru 2 nýnefndir staðir endastöðvar. Ákærði sýndi í réttinum ökuskirteini sitt, útgefið 23. október 1936, með viðbótarskirteini, dags. 28. nóvember 1938. Það skal tekið fram, að ökuleyfið var tekið af honum eftir fyrsta réttarhaldið.

Ákærði var á dansleik í Saurbæ og ók þaðan á mjólkurbílnum kl. 3—3½ f. h. 2. júní. Um nóttina drakk ákærði vín, sem keypt var í áfengisverzluninni. Brennivínið hafði hann á whiskypela, og var hann ekki alveg fullur.

Brennivínið var svo kallaður „Svarti dauði“, og hafði hann keypt það fyrir nokkru.

Segist ákærði síðar eftir slysið hafa mөлvað pelann með því, sem í honum var.

Ákærði viðurkennir, að hann hafi ekið hart yfir Skjöldalsárbrúna, þar sem slysið varð, og virðist hann ætla, að hann hafi ekið með 30—40 kílómetra hraða. Bifreiðin fór á hliðina, þar sem merktur er veltustaður á teikningunni. Ákærði fór að Grund eftir bílslysið og keyrði sjálfur bifreið sína, en þaðan keyrði Magnús á Grund bifreiðina til Akureyrar, og var komið þar kl. 5 f. h.

Er til Akureyrar kom, lagðist ákærði til svefnis. segist ekki hafa hugsað út í að tilkynna lögreglunni slysið, en aðalhugsunin snerist um að koma hinum slösuðu á sjúkrahúsið. Keyrðu bifreiðarstjórnarnir á A. 105 og A. 55 hina sjúku menn á sjúkrahúsið.

Þessir menn virðast hafa meiðzt, eftir því sem þeir bera fyrir rétti: Þorbjörn Indriðason. Hann varð meðvitundarlaus, er hann kastaðist út úr bifreiðinni. Hann var fluttur heim til sín og rankaði ekki við sér, fyrr en um kl. 7 um morguninn. Lá einn dag í rúminu og var slappur nokkra daga. Baldur Gunnarsson varð að mestu meðvitundarlaus, þegar hann hentist út úr bílnum. Farið var með hann til Akureyrar. Lá hann í 3 daga á sjúkrahúsinu. Hann er búinn að ná sér aftur eftir slysið. Ásbjörn Magnússon. Hann kastaðist út úr bílnum, þegar hann valt, og meiddist á hnjónum og bringsmölunum.

Farið var með hann á sjúkrahúsið, og var hann ½ mánuð að ná sér. Kristinn Magnússon. Hann lá á sjúkrahúsinu, og var eftir þann tíma undir læknishendi. Hann meiddist aðallega á vinstra hnénu. Valgerður Sigurvinsdóttir meiddist á öxl og enni. Datt maður ofan á hana, er billinn valt. Mörg vitni hafa verið yfirheyrð í málinu og hafa aðallega verið spurð um 2 atriði, hvort ákærði hafi verið undir

áhrifum vins og hvort hann hafi ekið hart. Þykir rétt að taka upp meginatriðin í framburði vitnanna um þetta atriði.

Magnús á Grund tók ekki sérlega eftir, að ákærði væri undir áhrifum vins. Hann sá breytingu á manningnum, en hvort hún stafaði af áfenginu eða byltunni, getur hann eigi sagt.

Þorbjörn Indriðason veitti því eigi athygli, hvort hart var ekið eða ekki, enda var að tala við félagana sína. Í byrjun dansleiksins sá hann ekki, að Guðbjörn var undir áhrifum vins, en eftir það sá hann hann aðeins tilskýndar, en getur því eigi sagt, hvort hann var undir áhrifum vins, er hann keyrði bilinn, en ekki segist hann hafa heyrt sagt, að ákærði hafi verið drukkinn undir akstrinum í þetta sinn.

Baldur Gunnarsson hafði það á tilfinningunni, að ekki hefði verið ekið hart.

Hann getur eigi sagt um, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum vins, og hefur eigi heyrt talað um það síðan. Ásbjörn Magnússon sá ákærða einu sinni um nóttina og tók ekki eftir því, að hann væri undir áhrifum vins. Hann segir, að ákærði hafi ekki ekið mjög hart, en þó nokkuð hart yfir brúna á Skjöldalsá. Vitnið átti ekki tal við ákærða, eftir að slysið varð, og veitti því ekki eftirtekt, að hann væri undir áhrifum vins. Friðrik Stefánsson. Vitnið segist ekki vita, hvað sé löglegur hraði, en tók ekki eftir, að sérstaklega hafi verið keyrt hart yfir brúna.

Hann sá ákærða eftir slysið og tók ekki eftir, að hann væri undir áhrifum vins.

Guðrúnu Jónsdóttur virtist ekki keyrt óvenju hart á veginum eða yfir brúna. Hún tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum vins. Aðalsteinu Magnúsdóttur virtist keyrt með venjulegum hraða og tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum vins.

Kristbjörgu Magnúsdóttur virtist keyrt með venjulegum hraða.

Hún tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum vins. Hún segir, að hann hafi verið hægur, og það muni hann vera venjulega. Guðrúnu Ingólfssdóttur virtist ákærði ekki aka hart, þegar hann fór yfir brúna. Vitnið veitti því ekki eftirtekt, að ákærði væri undir áhrifum vins. Jóni Jónssyni virtist litillega sjá á ákærða, en segir, að þetta hafi getað stafað af því, að hann hafi verið „nervös“ eftir slysið.

Garðar Guðjónsson sá ákærða eftir slysið og talaði við hann, en sá ekki á honum.

Hann sá hann einnig einum tíma eftir að hann keyrði, en sá ekki á honum þá.

Kristni Magnússyni fannst ákærði keyra heldur hart alla leiðina, og þegar hann nálgast brúna yfir ána, herti hann á, og heldur hann, að hann hafi keyrt með 40 kílómetra hraða.

Segir hann, að ákærði hafi orðið of seinn til að taka beygjuna.

Hann talaði ekkert við ákærða, fyrr en eftir slysið, og tók hann ekki eftir, að hann væri undir áhrifum vins. Valgerði Sigurvinsdóttur fannst ákærði aka heldur hart, en segist þó ekki vel geta borið um það. Hann herti á ferðinni sunnan við brúna yfir Skjöldalsá, og virtist henni hann halda ferðinni, þangað til billinn valt. Hún segir, að ákærði hafi byrjað að syngja, er hann herti ferðina á bílnum, en hann hafi verið að öðru leyti stilltur. Hún álitur, að ákærði hafi verið töluvert drukkinn, af því hann fór að syngja, og segir, að hann hafi keyrt harðara en venjulega.

Eftir slysið voru augu hans þokukennd, en hún sá hann ekki reika, og er hann fór inn í bílinn, sá hún ekki á honum.

Kristinn Kjartansson segir, að ákærði hafi eigi keyrt með neinum óvenjulegum hraða, og ekki varð hann var við, að ákærði hefði hert á akstrinum, er hann keyrði yfir brúna.

Hann veitti því ekki eftirtekt, að ákærði væri undir áhrifum vins.

Eftirlitsmaður bifreiða skoðaði bifreiðina, og reyndist hún vera í góðu lagi. Hæmlur bifreiðarinnar verkuðu jafnt og örugglega, stýrið þétt og stýrisgangur allur öruggur, hjól bifreiðarinnar vel og trygglega fest á og ljós og flauta í lagi.

Ástandið gott að öðru leyti en því, að hraðamælissnúran var slitin í sundur.

Skoðun á bifreiðinni fór fram 3. júní. Lýsing á yfirbyggingu bifreiðarinnar er á réttarskj. 5. Var farþegabyrgi fyrir 10 menn og áföst grind.

Ákærði heldur, að 10 menn hafi verið í farþegabyrginu og 5 í griðdinni. Hefur verið reynt að grennslast eftir, hvað margir farþegar voru í bílnum, en ekki fengist nákvæmari skýrsla en þessi. Í réttinum var sýnt skirteini, er sýnir, að A. 155 var tjónvátryggð fyrir 20000 kr. Í sjálfu skirteininu var ekki getið um, hve margir farþegar voru tryggðir, en ákærði hefur játað, að sér hafi verið kunnugt um, að aðeins 10 farþegar voru tryggðir.

Að því er vitnisburðina snertir, þá hafa sum vitnin borið, að ekið hafi verið með eðlilegum hraða, önnur segjast ekki bera skyn á málið, en nokkrum virðist hafa verið ekið hart. Ákærði sjálfur hefur áætlað, að hann hafi keyrt með 30 eða 40 kílómetra hraða, og virðist mega leggja framburð hans til grundvallar, og verður að telja, að þetta hafi verið óleyfilegur hraði, þar sem vegurinn um brúna, þar sem slysið varð, var athugaverður.

Mörg vitni hafa sagt, að þau hafi ekki veitt því eftirtekt, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis. Sum vitnin vita eigi, hvort þau sáu áfengi á honum, eða hann var „nervös“ eftir slysið. Einu vitni virtist ákærði drukkinn. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi drukkið áfengi, og í blóðprufunni, sem af honum var tekin, fundust reduceruð efni, sem samsvara 0.7% alkóhólefni. Segir héraðslæknirinn, að fyrsta tímann, eftir að ákærði neytti síðasta

alkóhólsskamtsins, hafi verið svo mikil alkóhólkoncentration í blóðinu, að ákærði muni hafa verið undir áhrifum vins. Samkvæmt þessu virðist því mega ganga út frá, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis.

Sjálfur telur ákærði og, að aðalorsökin til slyssins hafi verið, að hann var undir áhrifum áfengis og keyrði of hart.

Dómarinn tekur fram, að þar sem játning ákærða er svo skýr, bæði um hraðann og einnig um það áfengi, sem hann drakk, sbr. og vottorð héraðslæknisins, þá hafi sér ekki virzt, að nauðsynlegt væri að láta staðfesta framburð vitnanna, enda allerfitt að ná í þau eftir að fyrsta yfirheyrslan yfir þeim fór fram, vegna þess að þau búa á svo mörgum stöðum utan Akureyrar.

Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, ber að færa undir 219. sbr. 218. gr. gildandi hegningarlaga og undir 5. gr. bifreiðalaga og 6. gr. sbr. 14. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1 mánaðar varðhald, og enn ber samkvæmt bifreiðalögunum að svipta hann ökuskirteini ævilangt.

En þar sem ákærði hefur aldrei fyrr gerzt brotlegur gegn lögnum, og þar sem játning hans er svo hreinskilin og þar sem vottorðið á réttarskj. 4 sýnir, hve mikla samúð ákærði hefur unnið sér með góðri framkomu, þykir rétt, að varðhaldshegningin sé skilorðsbundin, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað, og hún falli niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla núgildandi hegningarlaga um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi löglegan kostnað, þar á meðal kr. 60.00 til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar málaflutningsmanns.

Með tilvísun til bókunar í málinu vottast, að enginn óþarfa dráttur hefur orðið á rekstri málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðbjörn Ólafsson, sæti eins mánaðar varðhaldsrefsingu, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla núgildandi hegningarlaga um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Ákærði skal sviptur ökuskirteini ævilangt.

Ákærði greiði allan af sökinni löglegan leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 60.00 til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar málaflutningsmanns.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.